

**L Ö G**

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar  
og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun  
til virkjana í Tungnaá.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59/1965 (með áorðnum breytingum), svo og 1. gr. laga nr. 96/1970, að fjárhæð allt að 15 milljónum Bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðli. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar samkvæmt 1. málsgrein, og endurlána það Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hún ákveður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit,  
sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973,  
um breyting á þeim lögum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. mgr. 61. gr. orðist svo:

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vörum, enda viti hann eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

**2. gr.**

2. mgr. 71. gr. orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að kr. 4 000 000.

## 3. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærrí sekt en kr. 80 000, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsí-ákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur toll-yfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verð-mæti eigi fram úr kr. 150 000.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1973.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-þykki mínu:

	Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1973 er veitt:	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi .....	10 047
01	Forsætisráðuneytið .....	53 781
02	Menntamálaráðuneytið .....	218 461
03	Útanríkisráðuneytið .....	29 232
04	Landbúnaðarráðuneytið .....	278 330
05	Sjávarútvegsráðuneytið .....	194 594
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....	323 946
07	Félagsmálaráðuneytið .....	69 419
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið .....	808 528
09	Fjármálaráðuneytið .....	371 297
10	Samgönguráðuneytið .....	725 814
11	Iðnaðarráðuneytið .....	87 902
12	Viðskiptaráðuneytið .....	459 519
14	Ríkisendurskoðun .....	3 595

Samtals 3 634 464

*Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*